# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar
kiwanis.is

Reykjavík, 6. mars 2013

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði
Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Efni: Umdæmisþing Kiwanis haldið í Hafnarfirði 13.-15. september 2013

Ágæti bæjarstjóri
Kiwanishreyfingin Umdæmið Ísland-Færeyjar sækir hér með um styrk til Hafnarfjarðarbæjar vegna Umdæmisþings sem haldið verður í Hafnarfirði 13.-15. september 2013.

Kiwanisfélagar og makar koma til með að sækja alla þá þjónustu sem bærinn hefur upp á að bjóða, s.s. gistingu á hótelum, gistiheimilum, veitingastöðum og fleira. Kaplakriki hefur verður leigður vegna þinghaldsins sjálf svo og Frímúrararhúsið vegna galaballs.

Það er ávallt leitað til bæjarfélaga með styrki þegar haldin eru Umdæmisþing og löng hefð er fyrir að Styrktarsjóður Kiwanis styrki eitthvað ákveðið málefni í sveitarfélaginu.

Þingið sjálft verður sett í Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 13. september 2013. Til gamans má geta þess að þetta er í fyrsta skipti sem þingið er haldið í Hafnarfirði og á Kiwanisklúbburinn Sólborg í Hafnarfirði á fyrstu konuna sem gegnir starfi Umdæmisstjóra.

Með von um góðar undirtektir

Virðingarfyllst

Hjördís Harðardóttir
Umdæmisstjóri

Þyri Marta Baldursdóttir
formaður Þingnefndar

*Kiwanis eru alheimssamtök sjálfboðaliða sem hafa að markmiði að bæta heiminn með þjónustu í þágu barna*

Hafnarfjarðarbær
Innk: 8.3.2013
Málsnr: 1303101
Bréfal: 251